



SVAR VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Sendandi: starfandi sviðstjóri menningar- og ferðamála

Svar við tillögu fulltrúa Vinstri grænna um að að skipaður verði starfshópur undir forystu Borgarsögusafns til að kortleggja stöðu safna og sýningarsetra í borginni, greina hana og gera eftir atvikum tillögur um úrbætur.

Farið var í mikla stefnumótun í menningarmálum Reykjavíkurborgar árin 2020 og 2021 með mjög víðtæku samráði listamanna, borgarbúa og borgarfulltrúa. Þeirri vinnu lauk með samþykkt borgarstjórnar á nýrri menningarstefnu, *List og menning í Reykjavík 2030*, í nóvember 2021. Meðfram gerð menningarstefunnar vann stýrihópur stefunnar aðgerðaáætlun sem byggir á samráði um menningarstefnu. Þar fór fram mikil vinna við forgangsröðun í ljósi erfiðrar stöðu við fjármögnun verkefna eftir heimsfaraldur Covid-19. Aðgerðaáætlunin bíður enn fjármögnunar, en leitast var við halda niðri kostnaði í þeirri aðgerðaáætlun og fela þó nokkrar aðgerðir í sér kortlagningu og/eða þarfagreiningu sem greina þá þörfina á frekari fjárfestingum og aðgerðum í framtíðinni.

Menningar- og ferðamálasvið þakkar fyrir tillögu fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um að farið verði í að kortleggja stöðu safna og sýningarsetra í borginni og bendir á að hún fellur ágætlega að nýrri menningarstefnu Reykjavíkurborgar. Kortlagningin að markmiði 1.4 í menningarstefnu borgarinnar:

„Aðgengi að menningararfi eru lífsgæði og grundvöllur þekkingar, virðingar og aukins skilnings á fortíð og samtíð. Reykjavíkurborg leggur rækt við verndun menningararfs og tryggir öllum aðgengi að honum svo fólk fái hans notið.“

Í áður nefndri aðgerðaáætlun er undir þessu markmiði aðgerð 1.11:

„Geymsluhúsnæði fyrir Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafn reist og varðveislumálum safnkosts komið í gott horf til framtíðar. Þarfagreining gerir ráð fyrir 2000m² sameiginlegri geymslu BSS og LR.“

en þá aðgerð á eftir að fjármagnsgreina og svo fjármagna sérstaklega, fjármögnun er ekki inni í beiðni um fjármagn með núverandi aðgerðaáætlun. Mjög aðkallandi er að farið verði í þessa aðgerð, en ljóst er að hún mun verða nokkuð kostnaðarsöm.



Reykjavíkurborg

Lagt er til að ekki verði ráðist í kortlagningu á stöðu safna og sýningarsetra að sinni en efni hennar geti komið til athugunar þegar kemur að endurskoðun á núverandi aðgerðaáætlun menningarstefnunnar. En gert er ráð fyrir að aðgerðaáætlunin sé endurskoðuð og uppfærð árlega.

Virðingarfyllst,

Huld Ingimarsdóttir
starfandi sviðstjóri
menningar- og ferðamálasvið